

17

19. febr.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lög-
reglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. des. 1928.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1899, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað:

1. gr.

20. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist svo:

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 14 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu 1. sept. til 14. maí, og ekki seinna en kl. 11 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum bæjarins.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

18

19. febr.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

Arður af veiði á félagssvæðinu er talinn í 1000 einingum, og kemur í hlut hvurrar jarðar sú einingatala, sem hér segir:

Stóri-Ós	184 einingar.
Saurar	34 —
Ytri-Reykir	33 —
Syðri-Reykir	33 —
Torfustaðir, neðri bær	18 —
Torfustaðir, efri bær	9 —
Urriðaá	3,5 —
Bjarg	58 —
Bjargshóll	9 —
Uppsalar	9,5 —
Litli-Bakki	7 —
Barkarstaðir og Sel	22 —
Skárastaðir	8,5 —
Núpsdalstunga	40 —
Efri-Núpur	15,5 —